

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, vegna verslunar- og þjónustu í Vesturhöfninni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að reka verslun og þjónustu, þ.m.t. matvöruverslun, á hluta hafnarsvæðis H2 í Vesturhöfninni, sbr. afmörkun á skipulagsupprætti og lýsingu í greinargerð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 29. mars 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.